



Skýrsla stjórnar
2025-2026

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Stjórn og nefndir.....	3
Siðanefnd.....	3
Fjöldi félagsmanna og fagvottanir á árinu	4
Starfsemi félagsins	4
Fræðsla.....	4
Faghópur um innri endurskoðun hjá hinu opinbera.....	5
Alþjóðlegt samstarf.....	5
Siðanefnd.....	6
Ársreikningur 2025	6
Samantekt.....	6
Skoðunarmaður félagsins	6

Stjórn og nefndir

Aðalfundur 2025 var haldin á Grand hótél þann 13. maí 2025 og mættu 18 gestir á fundinn.

Á fundinum stigu úr stjórn, Sif Einarsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir og er þeim þakkað fyrir sín störf. Í framboði til stjórnarsetu voru Hanna Soffía Bergmann og Ásta Leonhardsdóttir og voru þær sjálfkjörnar í stjórn. Jón Sigurðsson var kosinn skoðunarmaður.

Stjórn félagsins á starfsárinu 2025-2026 skipti þannig með sér verkum:

- Björg Ýr Jóhannsdóttir, formaður,
- Gunnar Ragnarsson, gjaldkeri,
- Viðar Kárason, ritari,
- Ásta Leonhardsdóttir, samskiptafulltrúi,
- Gréta Gunnarsdóttir, formaður staðla- og alþjóðanefndar,
- Hanna Soffía Bergmann, formaður fræðslunefndar.

Á starfsárinu voru haldnir 8 formlegir stjórnarfundir. En einnig voru regluleg samskipti á milli stjórnarmanna varðandi hin ýmsu verkefni sem komu á borð stjórnar. Reglulegar umræður voru um þýðingu á stöðlunum ásamt skipulagningu á innri endurskoðunardeginum.



Siðanefnd

Stjórnin skipaði Sigurjón Geirsson (CIA), innri endurskoðanda Háskóla Íslands, sem formann siðanefndar.



Fjöldi félagsmanna og fagvottanir á árinu

Félagar geta orðið allir þeir sem hafa innri endurskoðun að aðalstarfi í fyrirtæki eða opinberri stofnun, þeir sem lokið hafa alþjóðlegri vottun í innri endurskoðun og þeir sem áhuga hafa á innri endurskoðun, áhættustýringu, innra eftirliti og stjórnarháttum. Félagsmenn voru 77 talsins í lok árs 2025 en eru núna 82. Földi þeirra hefur haldist nokkuð svipaður á síðustu árum en ávallt eru nokkrar breytingar innan ársins samhliða breytingum á starfsvettvangi félagsmanna. 28 félagsmenn eru með gilda fagvottun í innri endurskoðun (CIA), þar af hlutu þrír félagsmenn fagvottun á liðnu starfsári:

Þá eru nokkrir félagsmenn að vinna að vottun og hafa tekið eitt eða fleiri próf. Við hvetjum félagsmenn sem ekki hafa nú þegar tekið fagvottunina að skrá sig í prófin.

Starfsemi félagsins

Félag um innri endurskoðun var stofnað árið 2003. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við innri endurskoðun, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við. Félagið er aðildarfélag Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, The Institute of Internal Auditors Inc. (IIA), auk þess tekur það þátt í evrópsku (ECIIA) og norrænu samstarfi á sínu sviði.

Fræðsla

Hanna Soffía var formaður fræðslunefndar á árinu og nutu störf nefndarinnar stuðnings annarra stjórnarmanna eftir þörfum. Formaður síðanefndar hélt tveggja eininga námskeið um siðferði í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ) í desember. Samstarf hefur verið við IIA í Noregi þar sem félagsmönnum hefur staðið til boða að taka þátt í fræðslu á þeirra vegum, var vel nýtt á starfsárinu.

Morgunverðarfundir

- FIE bauð til morgunverðarfundar á Hótel Natura (22.5.2025)
- Arion banki bauð heim (8.10.2025)
- Seðlabanki Íslands bauð heim (27.11.2025)

IIA í Noregi bauð upp á eftirfarandi námskeið:

- Inngangur að endurskoðun upplýsingakerfa (14.5.2025)
- Gagnrýnin hugsun (10.6.2025)
- Áhættumiðuð endurskoðunaráætlun og nýir heimsstaðlar (10.6.2025)
- Vefráðstefna fyrir fámenn endurskoðunarteymi (17.6.2025)
- ERM (9.9.2025)
- Róttæk skýrsluskrif (23.9.2025)
- Vinnustofa í rekstraráhættu í Osló (7.-8.10.2025)
- Að ná tökum á stefnumótandi áhrifum (Master the Art of Strategic Influence) (13.10.2025)
- Samvinna við aðra staðfestingaraðila, samhæfing og skilvirk kortlagning staðfestingarverkefna (14.10.2025)
- Inngangur að gervigreind fyrir innri endurskoðendur, stig 1 (15.10.2025 og 3.12.2025 og 25.3.2026)

- Stjórnun samþættrar GRC-umgjarðar (20.10.2025)
- Gervigreind í innri endurskoðun – framhald (Level 2) (23.10.2025 og 12.12.2025 og 27.3.2026)
- Mat á endurskoðunareinkunnum og álitserðum í umhverfi aukinnar áhættu (17.11.2025)
- Stefnumótandi endurskoðunaráætlanagerð með hliðsjón af nýjum alþjóðlegum heimsstöðlum (20.11.2025)
- Þróun árangursríkrar gæða- og umbótaáætlunar (QAIP) og nýting ytra gæðamats (EQA) (24.11.2025)
- Að styðja stjórnir við að auka væntingar til hlutverk áhættustýringar (7.1.2026)
- Hvernig á að búa til skilvirkar spurningar/prompt fyrir innri endurskoðendur (2.2.2026 og 3.3.2026)
- Umbreyta framkvæmd innri endurskoðunar með gervigreind (AI) (11.2.2026)
- Yfirlit áhættulandslags Gen/ Agentic AI (24.2.2026)
- Endurskoðun áhættustýringar : A Masterclass (2.3.2026)
- Að ná tökum á nýjum og vaxandi áhættum (10.3.2026)
- Leiðbeiningar um ERM fyrir áhættustýringarhlutverkið (24.3.2026)

Félagsmenn hafa jafnframt aðgang að fræðsluefni hjá alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (IIA), þar sem framboð efnis er stöðugt að aukast.

Fréttabréf félagsins tóku jafnframt breytingum á starfsárinu og hafa verið sett fram í nýrri og aðgengilegri mynd. Sex fréttabréf voru send út og er markmið með útsendingu þeirra að koma áleiðis upplýsingum um fræðslu ásamt miðlun á fréttum frá alþjóðlegu samstarfi.

Faghópur um innri endurskoðun hjá hinu opinbera

Á starfsárinu sem er að líða var starfsemi faghóps um innri endurskoðun hjá hinu opinbera í umsjá Hrefnu Gunnarsdóttur hjá Ríkisendurskoðun. Haldnir voru þrjár fundir á starfsárinu, hjá Ríkisendurskoðun, Seðlabanka Íslands og Landspítala, auk þess sem ráðgert er að taka lokafund fyrir sumarfrí í formi fjarfundar á vegum Háskóla Íslands nú í maí. Hópurinn hefur einkum beint sjónum sínum að innleiðingu nýju Staðlanna að starfsumhverfi opinbera geirans, með ákveðnu þema hvað varðar áhættumat fyrir gerð endurskoðunaráætlunar sem og hvernig best verður staðið að því að ná utan um áhættulandslag opinberra stofnana.

NORPIA samstarfið fagnaði 10 ára samstarfsafmæli á árinu 2025. Af því tilefni kom hópurinn saman í Svíþjóð í boði IIA Svíþjóð og innri endurskoðanda Varnarmálaráðuneytis Svíþjóðar. Anna Margrét Jóhannesdóttir hjá Vegagerðinni og Gréta Gunnarsdóttir hjá Landspítala eru í hópnum og fóru út til Svíþjóðar í tveggja daga fræðsluferð.

Alþjóðlegt samstarf

Reglulegt upplýsingaflæði er frá Alþjóðasamtökunum og sótti alþjóðafulltrúinn okkar, Gréta Gunnarsdóttir, árlegan fund IIA, Global Assembly, í Toronto, Kanada. Fundurinn hefur undanfarin ár verið haldinn dagana fyrir alþjóðaráðstefnuna. Í Global Assembly

sitja fulltrúar frá hverju aðildarfélagi á heimsvísu og er þeim ætlað að sinna ráðgefandi hlutverki gagnvart stjórn alþjóðasamtakanna um stefnumótandi áherslur og önnur mikilvæg málefni fagstéttarinnar. Þessi fundur er einnig hugsaður sem samráðsvettvangur til að stuðla betur að samræmdri framkvæmd stefnu samtakanna og aðildarfélaganna.

Evrópusamtök innri endurskoðenda, ECIIA, er sífellt að auka sýnileika sinn og á staðfundum í Brussel í júní 2025 kynnti nýr framkvæmdastjóri áherslur um að gera innri endurskoðun hærra undir höfði og mikilvægi þess að vera nálægt þeim sem setja lög og reglugerðir í Evrópu. Björg Ýr Jóhannsdóttir, formaður FIE, sótti fundinn. Annar staðfundur var í janúar sl. og var hann sóttur rafrænt héðan frá Íslandi.

Annað samstarf eru ársfjórðungslegir fjarfundir, og sérstakir kynningarfundir þegar þannig ber undir, sem Alþjóðasamtökin standa fyrir, þar sem farið er yfir áherslur í starfi og hver eru meginverkefni hverju sinni. Formaður og alþjóðafulltrúi hafa sótt þessa fundi. Einnig styrkti Björg Ýr tengslin við Alþjóðasamtökin með heimsókn sinni í höfuðstöðvar IIA í nóvembermánuði þar sem vel var tekið á móti henni.

Siðanefnd

Engin mál bárust nefndinni á starfsárinu.

Alþjóðafélagið gaf nýverið út umgjörð um siðamál og agabrot sem aðildarfélög geta aðlagð að eigin þörfum en það verður skoðað á árinu hvort þörf sé að taka þær reglur upp í stað þeirra sem hafa verið í gildi hjá félaginu síðan 2017.

Ársreikningur 2025

Samantekt

Tap var af rekstri Félags um innri endurskoðun á árinu 2025 sem nam 0,5 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 9,0 millj. kr. þann 31. desember 2025 og bókfært eigið fé á sama tíma nam 8,9 millj.kr. Eiginfjárlutfall félagsins var 98% í árslok 2025. Rekstrartap vegna rekstrarársins 2025 er fært til lækkunar eign fjár.

Skoðunarmaður félagsins

Skoðunarmaður er kosinn á aðalfundi félagsins annað hvert ár. Á aðalfundi í maí 2025 var Jón H. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi, kosinn skoðunarmaður félagsins og þökkum við honum fyrir störf hans sem skoðunarmaður.